

1253. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. október 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Inn á fundinn kom Tómas Gabríel Benjamín varamaður í stjórn VR undir lið # 6, *Aðgerðaráætlun jafnréttis- og mannréttindanefndar VR*, og kynnti þá áætlun.

Mætt á fjarfund: Halla Gunnarsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Gestur fundarins: Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands

Næsti fundur: 8. nóvember 2023

Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1252. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1252. stjórnarfundar VR til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan.

Ragnar Þór kynnti gest fundarins, Finnbjörn A. Hermannsson, forseta ASÍ. Ragnar Þór benti á að ýmislegt hefði breyst frá því samninganefnd félagsins, sem stjórn félagsins myndar, fundaði síðast í upphafi vikunnar, þar á meðal hefði fjármálaráðherra sagt af sér. Það myndi hafa mikil áhrif á kjarasamningaviðræður ef slitnar uppúr ríkisstjórnarsamstarfinu í kjölfarið, sagði Ragnar.

Hann sagði þing Landssambands ísl. verzlunarmanna framundan þar sem fyrst og fremst verður skerpt á og forgangsraðað áherslum gagnvart stjórnvöldum. Fundað hafi verið stíft á vettvangi ASÍ til að freista þess að finna leiðir til að vinna saman. Hann sagði að það yrði erfitt að aðskilja þessi þrjú mál; kröfur á stjórnvöld, sameiginlegar kröfur á atvinnurekendur og launalið.



Finnbjörn tók til máls og þakkaði boðið á fundinn, hann vilji fara sem víðast og heyra raddir aðildarfélaganna. Framundan séu samningar, hin pólitíska staða geti brugðið til beggja vona en hann sagðist vonast til að ríkisstjórnin hangi saman. Verkalýðshreyfingin þurfi á ríkisstjórninni að halda til að geta samið. Hann sagðist hafa verið að kalla eftir því hvernig hreyfingin eigi að halda á málum gagnvart sameiginlegum málum og gagnvart stjórnvöldum.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 17:40.

Finnbjörn sagði mikilvægt að samkomulag náist um hvernig eigi að komast í gegnum þá stöðu sem nú ríkir í efnahagslífinu og hvernig eigi að takast á við verðbólguna. Hann telji að handstýra verði verðinu á íbúðum í einhvern tíma, ef framboð og eftirspurn á markaði eigi að ráða þessu verðum við í vöndum málum næstu ár. Við verðum að huga að þeim sem eru í erfiðri stöðu, sagði Finnbjörn. Hægt er að takast á við þetta að einhverju leyti í kjarasamningum en að stærstum hluta eru það velferðarkerfin sem eiga að taka á stöðunni en semja þarf um framtíð þessara kerfa, s.s. vaxtabótarkerfið og barnabótakerfið sem stendur hvað best.

Framundan er erfið staða fyrir marga á húsnæðismarkaði sagði Finnbjörn, hækkan á greiðslubyrði vegna breytinga á vöxtum skellur á mörgum á næstu mánuðum. Vaxtabótarkerfið á að taka mesta þungann af fólki hvað það varðar en þetta er erfitt verkefni sem við verðum að taka á. Hann kvaðst vonast til að okkur beri gæfa til að komast sameiginlega í gegnum það sem framundan er.

Umræður

Í umræðum var mikið rætt um mikilvægi þess að hreyfingin komi sameinuð inn í viðræðurnar sem og hvernig á formgera það. Halla Gunnarsdóttir óskaði eftir því að bókuð yrði ítrekun hennar að stjórn VR komi sér saman um hvernig eigi að halda á sameiginlegum málum innan ASÍ svo hægt verði að þoka málum áfram. Mikilvægt sé að frontur verkalýðshreyfingarinnar sé breiður til að sýna þann styrk sem í henni býr.

Að loknum umræðum þakkaði Finnbjörn fyrir góða umræðu og innlegg í komandi viðræður. Hann sagði misjafnt hvað brenni á fólki, á landbyggðinni sé það heilbrigðismál en á höfuðborgarsvæðinu séu það húsnæðismál. Það sé margt sem ræða þurfi við stjórnvöld en að til séu leiðir til þess.

Stjórnin þakkaði Finnbirni fyrir þátttökuna á fundinum og yfirgaf hann fundinn kl. 18:50.

3. Reglur um úthlutun á leiguhúsnæði á vegum VR

Fyrir fundinum lá til kynningar skjalið „Úthlutunarreglur Blævar, drög“ og mun það liggja milli funda. Einnig lá fyrir fundinum skjalið „Úthlutunarreglur Blævar Fundargerðir“.



Bjarni Þór Sigurðsson, formaður húsnæðisnefndar VR, fór yfir niðurstöður nefndarinnar varðandi tillögur að úthlutunarreglum á glærum.

Í máli Bjarna kom fram að nefndin byggir drög að reglum á úthlutunarreglum Bjargs íbúðafélags. Stjórn VR þarf að samþykkja endanlega útgáfu reglnanna og breytingar sem kunna að vera gerðar á þeim.

Skilyrði úthlutunar eru þau að viðkomandi hafi verið fullgildur félagi í tiltekinn tíma og ekki hafa átt fasteign fimm ár fyrir úthlutun. Miðað er við 21 árs aldur. Gert er ráð fyrir að umsækjendur greiði árlegt félagsgjald. Notast er við númerakerfi við úthlutun. „Fyrstur kemur fyrstur fær“ reglan mun gilda um númer á biðlista en við fyrstu úthlutun verður dregið um númer.

Úthlutunarreglur verða kynntar trúnaðarráði VR á fundi í byrjun nóvember og endanlegar tillögur lagðar fyrir stjórn í desember. Fyrirhugað er að opna fyrir skráningu á lista í apríl 2024 en ítarlegar reglur um úthlutun íbúða verða kynntar vorið 2024 og fyrstu íbúðir afhentar undir lok þess árs.

Umræður

Að umræðum loknum þakkaði Ragnar húsnæðisnefndinni fyrir góða vinnu.

4. Opnunartími skrifstofu

Fyrir fundinum lá skjalið „Opnunartími á skrifstofu VR“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á opnunartíma skrifstofu VR á glærum.

Tillaga liggur fyrir um að stytta opnunartíma skrifstofunnar á föstudögum um klukkustund en nú er opið til kl. 16:00 alla daga. Hann benti á að almennt væru stéttarfélög og mörg önnur þjónustufyrirtæki og félög með styttri opnunartíma á föstudögum. Verulega dragi úr þörf á þjónustu eftir kl. 15:00 á föstudögum, hvort sem er í síma eða með heimsóknnum á skrifstofur sem eru afar fáar á þessum tíma.

Vinnutími starfsfólks breytist ekki í ljósi þess að stytting vinnuvikunnar 2019 hafi skilað sér í styttri viðveru annan hvern föstudag. VR hafi og vilji ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að styttingu vinnuvikunnar.

Umræður.

Að umræðum loknum var tillaga um að stytta opnunartíma skrifstofa VR um klukkustund á föstudögum lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

5. Tillögur að uppstillinganefnd VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Uppstillinganefnd VR 2024 – 2026“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir hlutverk og skipan uppstillinganefndar á glærum. Í lögum VR segir að uppstillingarnefnd skuli skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði fyrir 15. janúar annað hvert ár.

Hlutverk nefndarinnar er að velja frambjóðendur á lista stjórnar og trúnaðarráðs í ráðið í kosningum ár hvert. Lagt er til að skipan trúnaðarráðs verði óbreytt frá því sem nú er:

Aðalmenn:

Helga Bryndís Jónsdóttir
Magnús Þorsteinsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Stefán Viðar Egilsson

Varamenn:

Ágústa Harðardóttir
Þórður Mar Sigurðsson
Steinar Viktorsson
Anna Þórðardóttir Bachmann

Umræður

Tillaga um skipan uppstillinganefndar lögð fyrir stjórn. Samþykkt samhljóða.

Tillagan verður lögð fyrir fund trúnaðarráðs þann 1. nóvember n.k.

6. Aðgerðaráætlun jafnréttis- og mannréttindanefndar

Fyrir fundinum lá skjalið „Aðgerðaráætlun jafnréttis- og mannréttindanefndar 2023-2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Þessi liður var #8 í útsendri dagskrá en var flýtt, formaður jafnréttis- og mannréttindanefndar, Tómas Gabríel Benjamín, varamaður í stjórn, kom inn á fundinn í fjárfundi til að kynna tillögu að aðgerðaráætlun í þessum málaflokki.

Gabriel fór yfir helstu atriði tillögunnar sem byggir á jafnréttisáætlun félagsins. Hann sagði nefndina munu halda áfram þeim áherslum sem fyrri nefndir og félagið hafa hvað varðar jafnrétti kynjanna, þ.e. þá liði áætlunarinnar sem snúa að launamun kynjanna, fjölgun kvenna í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum, mikilvægi menntunar og jafnri ábyrgð á fjölskyldu og heimili. Hann stiklaði á stóru hvað þetta varðar en fjallaði ítarlega um þá vitundarvakningu sem fyrirhugað er að félagið fari í til að styrkja stöðu erlends félagsfólks á vinnumarkaði.

Þessi vitundarvakning verður undir heitinu Vinnustaður án aðgreiningar. Markmiðið er að fækka brotum gegn erlendu vinnuafli og gera þennan hóp meðvitaðri um rétt sinn. Gabriel benti á skýrslu ASÍ sem birt var í dag [11.10.2023] um stöðu erlends launafólks en þar kemur fram að erlent félagsfólk standi höllum fæti á vinnumarkaði, meira en helmingur innflytjenda kveðst hafa orðið fyrir vinnumarkaðsbrotum á síðustu 12 mánuðum. Skýrslan byggir á rannsókn Vörðu - rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins. Gabriel sagði fulla samstöðu hafa verið um þessa áherslu nefndarinnar sem grundvallist m.a. á reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Umræður

Að umræðum loknum var aðgerðaráætlunin lögð fyrir stjórn og samþykkt samhljóða.

Gabriel fór af fundi um kl. 20:10.

7. Aðgerðaráætlun öldungaráðs

Fyrir fundinum lá skjalið „Öldungaráð aðgerðaráætlun 2023-2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Bjarni Þór Sigurðsson fór yfir drög að aðgerðaráætlun öldungaráðs. Áætlunin skiptist í nokkra þætti, m.a. kjaramál eldri félaga, lífeyrismál og húsnæðismál. Í áætluninni er gert ráð fyrir að ráðið haldi fundi þar sem fjallað verði um kröfur eldri félaga og brýnustu mál þessa hóps, þar á meðal lífeyrismálin þar sem fengnir verði að borðinu fulltrúar frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Lagt er til að félagið kanni stöðu félaga 65 ára og eldri og geri könnun um húsnæðismál eldri félaga, bæði héraðs og erlendis. Þá vill ráðið að VR beiti sér fyrir endurskoðun á fasteignagjöldum, fylgi eftir áherslum um að frysta skerðingar og geri athugun á kostum og göllum þess að gera lífeyrisréttindi að sameign hjóna.

Bjarni nefndi einnig áhuga ráðsins á rannsókn á aldursfordómum en slíkt er á borði jafnréttisnefndar sem hefur þegar hafið skoðun á því máli.

Umræður

Að umræðum loknum voru drögin lögð fyrir stjórn og samþykkt samhljóða.

8. Aðgerðaráætlun framtíðarnefndar

Fyrir fundinum lá skjalið „Framtíðarnefnd aðgerðaráætlun“ til kynningar og afgreiðslu.

Þorvarður Bergmann Kjartansson formaður framtíðarnefndar fór yfir drög að aðgerðaráætlun nefndarinnar. Helstu áherslum má skipta í sjö þætti, lýðræðisvæðing, breyting á störfum, stytting vinnuvikunnar, starfsmannasamvinnufélög, borgaralaun, stafræn umbylting og réttlát umskipti.

Í áætluninni er m.a. lagt til að VR standi fyrir rannsóknum og könnunum varðandi breytingar á störfum, hvaða áhrif þær kunni að hafa á ófaglærða hópa og hver staða Íslands er í samanburði við Norðurlönd og Evrópu. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að VR kanni viðhorf og útfærslu á styttingu vinnuvikunnar með áherslu á verslunarfólk. Einnig er lagt til að gerður verði samanburður á starfsmannasamvinnufélögum hérlandis og erlendis. Í áætluninni er gert ráð fyrir að borgaralaun verði skoðuð og félagið móti hugmyndir hvernig hægt er að tryggja öllum grunnþjónustu. Þá er áhersla lögð á mikilvægi stafrænnar umbyltingar og réttlát umskipti en nefndin telur mikilvægt að standa fyrir kynningu á því hugtaki. Nefndin vísaði umræðum um heilsu og öryggi starfsfólks til kjaramálanefndar.

Umræður

Í umræðum var mikil umræða um hugmyndir um borgaralaun. Að umræðum loknum voru drögin lögð fyrir og samþykkt með meirihluta atkvæða.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir bókar hjásetu við ákvæði í drögunum um borgaralaun.

9. Skipun í Ungliðaráð VR

Fyrir fundinum á skjalið „Ungliðaráð VR skipun“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir að í nýsamþykktum starfsreglum Ungliðaráðs VR segir eftirfarandi:

„Ákvæði til bráðabirgða.

6 manna Ungliðaráð VR er í fyrsta skipti skipað af stjórn VR til allt að eins árs fram að Aðalfundi VR 2024 en eftir það er skipað samkvæmt 4. gr.“

Lögð var fyrir fundinn tillaga að sex fulltrúum í ráðið.

Þórir Hilmarsson bókar að hann sé ósáttur við að tillaga sé gerð um stjórnarmenn í ráðið sem og að enginn einstaklinganna sem gerð er tillaga um sé á aldrinum 18-25 ára.

Umræður

Í umræðum var mikið rætt um aldursamsetningu ráðsins og var lögð fram tillaga að einum einstaklingi sem hafi lýst yfir áhuga og sé í yngri kantinum. Einn fulltrúi sem gerð er tillaga um myndi þá víkja sæti.

Samþykkt var að VR hafi samband við viðkomandi og leiti eftir þátttöku í Ungliðaráði og einn stjórnarmaður víki sæti. Það var gert og gerð breyting á tillögu um ráðið í kjölfarið.

Fyrir stjórn var því lögð fram tillaga að eftirfarandi (með fyrirvara um samþykki, sem fékkst eftir fundinn):

Alina Vilhjálmsdóttir
Árni Konráð Árnason
Birgitta Ragnarsdóttir
Halldóra Líf Edvinsdóttir
Mateusz Gabriel K. Róbertsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Samþykkt, enginn greiddi atkvæði gegn.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:35